

Undirbúningur kjarasamninga



Frá fundinum



Fyrsti trúnaðarráðsfundur FIT var haldinn síðastliðið vor og hófst þar undirbúningsvinna vegna endurnýjunar kjarasamninganna. Síðan þá hafa verið haldnir ýmsir fundir þar sem vinnan við kjarasamningana hefur haldið áfram, t.d. hafa verið haldnir nokkrir vinnustaðafundir.

Félagsfundur var haldinn þann 2. október s.l. Þar var Stefán Úlfarsson hagfræðingur A.S.Í með fyrirlestur um hvernig síðustu kjarasamningar hafa gengið eftir og Hilmar Harðarson, formaður félagsins, sagði frá því hvernig staðið yrði að málum FIT í komandi samningum.

Annar trúnaðarráðsfundur var haldinn í haust og hélt undirbúningsvinnan fyrir kjarasamningana áfram þar. Þar var farið yfir samninganefndir og samningaumboð til Samiðnar. Fagdeildarfundir hafa verið hjá garðyrkjunni þar sem unnið var að sérstökum málum garðyrkjunnar vegna kjarasamninga.

Þann 31. okt. s.l. var haldinn sambandsstjórnarfundur hjá Samiðn og þar var kosið í samninganefnd Samiðnar og viðræðunefnd. Í samninganefndinni eru: Finnbjörn Hermannsson, Vignir Eypórsson, Sigfús Eysteinnsson, Sigurjón Einarsson, Pétur Sigurjónsson, Guðmundur Ó. Guðmundsson, Hilmar Harðarson, Hákon Hákonarson, Tryggvi Arnarson, Hermann Guðmundsson, Örn Friðriksson, Hjálmpór Bjarnarson, Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson. Í viðræðunefndinni eru Finnbjörn Hermannsson, Sigfús Eysteinnsson, Guðmundur Ó. Guðmundsson, Hilmar Harðarson, Örn Friðriksson og Þorbjörn Guðmundsson.

Haldnir hafa verið fundir hjá undirbúningsnefndum og er undirbúningur vegna kjarasamninganna í fullum gangi. Viðræðuáætluninni fyrir væntanlega kjarasamninga hefur verið skilað inn og vinnan við kröfugerð á lokastigi. Þegar kröfugerðin er tilbúin birtist hún á heimasíðu félagsins www.fit.rl.is.

Erlendar starfsmannaleigur

Nokkrar íslenskar blikksmiðjur hafa á undanförnum árum sótt hluta síns vinnuafls til Portúgals. Að hluta til kemur þetta vinnuafli hingað til lands samkvæmt reglum um frjálsa för launafólks en einnig samkvæmt sérstökum reglum um þjónustuviðskipti milli EES-landa og þá á vegum svokallaðra starfsmannaleigufyrirtækja. Dæmi eru um að hlutfall erlends vinnuafls í blikksmiði hafi farið yfir 20%.

Blikksmiðjur sem nýta sér þjónustu slíkra fyrirtækja greiða fyrir hana samkvæmt reikningi en hið erlenda fyrirtæki ber ábyrgð á launagreiðslum og fara þær fram í Portúgal. Verkstjórn og ábyrgð er hins vegar alfarið í höndum íslenska fyrirtækisins.

Slík viðskipti eru heimil samkvæmt reglum Evrópska Efnahagssvæðisins. Hér skiptir þó meginmáli að samkvæmt EES-tilskipun um þetta efni þá skulu laun slíkra starfsmanna vera samkvæmt kjarasamningum í því landi þar sem þeir starfa hverju sinni. Þessir starfsmenn skulu m.ö.o. taka laun samkvæmt kjarasamningi Samiðnar meðan þeir vinna hér á landi. Þá er sömuleiðis kveðið á um í sameiginlegum Evrópskum reglum að erlendum iðnaðarmönnum beri

áður en þeir hefja störf að óska eftir staðfestingu stjórnvalda hér á landi hvort þeir megi starfa sem slíkir hér á landi.

FIT (áður Félag Blikksmiða) hefur fylgst með þessari þróun síðustu 3 ár. Niðurstaðan er því miður sú að allar líkur eru á því að kjarasamningar séu brotnir á þessum mönnum, skattar eru ekki greiddir af launum þeirra, launatengdum gjöldum ekki skilað, óvíst er með tryggingar og síðast en ekki síst þá hefur FIT ekki fengið neinar staðfestingar á því hvort þessir menn hafi tilskilin réttindi sem blikksmiðir. Meðan slík framganga er látin óáreið grefur það undan samkeppnisfærni annarra íslenskra fyrirtækja sem leggja sig fram um að virða lög og reglur á íslenskum vinnumarkaði. Vinnumálastofnun var strax haustið 2001 gert viðvart um þessa þróun. Lítið hefur hins vegar bólað á raunverulegum aðgerðum og bera stjórnvöld fyrir sig skort á skýrum lagaheimildum til að takast á við vandann. Við slíkt verður að sjálfsögðu ekki búið.

Það er skýlaus krafa að erlendar starfsmannaleigur starfi í samræmi við þær reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Það er jafnframt krafa okkar að íslensk fyrirtæki komi sér ekki undan

skyldum sínum gagnvart þessum starfsmönnum með því að skýla sér á baki við fyrirtæki í fjarlægum löndum.

Af reynslu síðustu ára má draga þann lærdóm að stjórnvöld eru algjörlega óviðbúin að takast á við starfsemi slíkra starfsmannaleigufyrirtækja og virðast ekki gera sér grein fyrir vandanum, þrátt fyrir að þetta sé þekkt vandamál á hinum Norðurlöndunum. Stækkun Evrópusambandsins til austurs stendur fyrir dyrum í maí 2004 með tilheyrandi stækkun hins sameiginlega vinnumarkaðar. Enn sem komið er hafa stjórnvöld ekkert tjáð sig um það hvort Ísland hyggist nýta ákveðna aðlögunarfresti varðandi reglur um frjálsa för launafólks.

FIT leggur áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld gangi frá samkomulagi um það hvernig standa beri að þessum málum svo allir hlutaðeigandi aðilar geti gengið sæmilega sáttir inn í þá framtíð sem felst í hinum sameiginlega Evrópska vinnumarkaði.

Hilmar Harðarson,
formaður FIT.

Heimasíða Sameinaða lífeyrissjóðsins

www.lifeyrir.is þar er að finna upplýsingar um iðgjöld, rafrænar skilagreinar o.fl.

Heimasíða Samiðnar er www.samidn.is

Við hvetjum félagsmenn og atvinnurekendur til að kynna sér síðuna. Þar er að finna m.a. kauptaxta, kjarasamninga o.fl.

Opnunartími Þjónustuskrifstofunar

Skrifstofa okkar er opin, mánudaga til fimmtudaga frá 09:00 til 17:00 og föstudaga frá 09:00 til 16:00 Símanúmer okkar er 535 6000 og tölvupóstur er fit@fit.rl.is. Skrifstofan á Selfossi er opin frá 08:00 til 12:00 og síminn er 480 5000 og tölvupóstur er selfoss@fit.rl.is



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 533 6000
Ábm. Hilmar Harðarson.

2. tbl. 1. árg. desember 2003

Hönnun og prentun: Stafræna hugmyndasmiðjan - www.smidjan.is

Brautskráning nýsveina

Félag iðn - og tæknigreina stóð nýverið fyrir hófi fyrir nýsveina er þeir fengu afhent sveinsbréf sín. Að þessu sinni brautskráðust 1 blikksmiður, 5 bifvélavirkjar, 12 bifreiðasmiðir, 5 bílamálarar og 2 trésmiðir. Einnig brautskráðust 29 málarar.



Nýsveinar í iðn- og tæknigreinum.



Nýsveinar í málaraíðn.

Ný heimasíða

Félag iðn – og tæknigreina hefur opnað nýja heimasíðu www.fit.rl.is. Á henni er að finna upplýsingar um félagið, fréttir, tengla og ýmisleg fleira. Stefnt er að því að hafa heimasíðuna einfalda og virka og þar er m.a. að finna korktöfluna, en þar verður hægt að senda inn ókeypis smáauglýsingar um allt milli himins og jarðar. Á heimasíðunni verður einnig hægt að ná í upplýsingar um kjarasaminga og orlofshús félagsins. Einnig bendum við félagsmönnum á að hafa samband við okkur ef þeir hafa einhverjar óskir um efni á síðuna og ef þeir hafa hugmyndir um sniðugar greinar eða fréttir. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um heimasíðuna er hægt að senda fyrirspurn á fit@fit.rl.is eða hafa samband í síma 535 6000 eða 480 5000.

Desemberuppbót

Desemberuppbótin í ár er kr 37.000 og kr 23.500 fyrir iðnnema. Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu vikuna í desember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbót. Starfsmenn í hlutastarfi sem uppfylla sömu skilyrði skulu fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Starfsmenn með skemmri starfstíma skulu fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

(H)eldribo

Þann 4. október síðastliðin bauð Félag iðn – og tæknigreina félögum eldri en 60 ára í óvissuferð, svokallaða heldrimannaferð. Ferðinni var heitið í Húsafell þar sem áætlað var að snæða hádegisverð. Fararstjóri var Finnbogi Eyjólfsson og hélt hann uppi léttri og skemmtilegri stömu allan tímann.

Á leiðinni að Húsafelli var áð og gengið til altaris. Svo skemmtilega vildi til að eini staðurinn þar sem rútan gat stoppað var við skiltið að KFUK og þótti það vel við hæfi. Finnbogi leiðsögumaður þekkti flesta bæina og flest fólkið á leiðinni og kunni ógrynna af sögum frá þessum slóðum. Annar Bogi, Bogi Sigurðsson frá Akranesi, var með í ferðinni og skreytti hann ferðina með skemmtilegum vísum. Þegar komið var að Húsafelli beið hópsins dýrindis lambasteik. Finnbogi dró fram nikkuna eftir matinn og hélt uppi miklu fjöri.

Eftir matinn var ekið yfir á Hvítársíðu, þaðan yfir á menningarflöt og þar var smurningurinn tekin fram. Síðdegiskaffið var svo drukkið í Skessubrunni, þar sem allt var hið glæsilegasta. Þar var nikkun tekin fram á ný og spilað og sungið.

Að þessu loknu var haldið heim á leið og komið var í Borgartúnið um klukkan 18. Þar kvöddust menn með virktum og ætla ekki að missa af næstu ferð.



rgaraferð



**Undir styrkri stjórn Finnboga Eyjólfsonar fóru eldri félagar í FIT í óvissuferð í október 2003
Finnbogi áætlaði svonefnda „ altarisgöngu” við Meyjarsæti á leið á Uxahryggi.**

Þó ekkert megí augað sjá
og ekki dropa úr slöngu.
Við Meyjarsæti mun ég fá
mína altaris göngu.

Ekki gekk það nú eftir því við snerum við vegna háлку og þoku og var stefnt í Kjósarskarð áleiðist í Húsafell og hélt þokan niður í mitt skarð.

Ekkert gleður augað hér
undir þessu þokubarði.
En altarisgöngu ætla ég mér
einhverstaðar í Kjósarskarði.

**Það stóð heima, það birti upp og altarisgangen gengin,
sagði ég þá við Finnboga.**

Laus við þoku, laus við sútt
lifnar gleði hjá mér.
Og fyrsta sopan frekt af stútt
fékk ég þyrstur hjá þér.

Aðrar vísur eru því miður gleymdar utan ein og fylgja henni þakkir til allra ferðafélaganna og ekki síst frábærs fararstjóra.

Er roðar lyngið lítinn hvamm
lífsins glingur kveikir von.
Leikur og syngur af fingrum fram
Finnbogi slyngur Eyjólfsson.

*Kærar þakkir og kveðjur,
Bogi Sigurðsson.*

Garðyrkja

skólabörn taka virkan þátt

Garðyrkjudeild hefur verið starfrækt hjá Orkuveitu Reykjavíkur til margra ára, fyrst í gömlu veitunum, hita-rafmagns og vatnsveitu og eftir sameiningu. Hlutverk deildarinnar er meðal annars umsjón og umhirða lóða, og vinna við nýframkvæmdir í kringum fasteignir fyrirtækisins.

Deildin sér um umhirðu inniblóma, uppsetningu jólatrjáa og skreytingar. Hún sér um yfirborðsviðgerðir eftir rask jarðlínu- og götuljósadeildar og hefur umsjón með verktökum er vinna fyrir deildina. Einnig hefur garðyrkjudeildin umsjón með landgræðslu sem er mikilvægur þáttur á jörðum Orkuveitunnar. Starfsmenn garðyrkjudeildar sitja í ýmsum ráðum og nefndum á vegum fyrirtækisins, jafnt innan þess sem utan. Það er nóg að snúast hjá starfsmönnum garðyrkjudeildar árið um kring, en fastir starfsmenn eru þrír. Fjöldi ungmenna koma svo til sumarstarfa ár hvert og stíga sín fyrstu spor í atvinnulífinu.

Vaxandi þáttur í starfseminni á síðasta áratug er margvísleg umhverfisfræðsla fyrir almenning og skólabörn. Tekið er á móti grunnskólabörnum í Skólaskógum og leikskólabörnum í Bernskuskógi við Úlfjótstvatn, þar sem þau fá tilsögn og fræðslu í sambandi við gróðursetninguna.

Skólaskógar og Bernskuskógur eru ræktaðir á landi sem fyrrum Rafmagnsveita Reykjavíkur og Borgarskipulag Reykjavíkur létu skipuleggja árið 1994, en landið er nú í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Í Bernskuskóg er gróðursett ein trjáplanta fyrir hvert barn sem fæðist í Reykjavík. Bernskan er



Íslandsdeild alþjóðlegu samtakanna OMEP, sem láta sig varða velferð ungra barna um allan heim. Samtökin fengu úthlutað svæði í grennd við Skólaskóga. Þegar hefur verið gróðursett í reiti frá árinu 1994 til dagsins í dag, en skipulagið gerir ráð fyrir gróðursetningu til ársins 2025. Um 1.700 plöntur eru í hverjum reit, en reykvísk leikskólabörn koma til fræðslu og gróðursetninga ár hvert.

Skólaskógum er skipt í reiti, sem eru um það bil hálfur hektari hver. Yfir 30 grunnskólar í Reykjavík hafa fengið úthlutað reit í Skólaskógum, og eru þeir merktir hverjum skóla þannig að kennarar og nemendur geti fylgst með framvindunni.

Garðyrkjudeild Orkuveitunnar hefur umsjón með uppbyggingu svæðana og veitir krökkunum leiðsögn við gróðursetninguna. Plöntur eru kostaðar af Yrkjusjóði, sem stofnaður var í tilefni 60 ára afmælis Vígðísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands. Skólaskógum er skipt í reiti, sem eru um það bil hálfur hektari hver.

Orkuveitan greiðir allan kostnað að öðru leyti, þ.e stígagerð, uppsetningu og gerð skilta, fræðslu og almennt viðhald á svæðinu.

Markmið þessa gróðursetningarstarfs, sem fer nú fram á Úlfjótstvatni, er ekki síst að uppfræða börn og unglinga um gróður og náttúrufar. Kenna þeim að umgangast plöntur með virðingu og því má segja að garðyrkjudeild Orkuveitu Reykjavíkur leggi mikla vinnu í að „rækta ræktunarfólk“ og vonandi skilar sú vinna sér í áhuga á ræktun og verði til að efla umhverfisvitund þeirra í framtíðinni.



Kristinn H. Þorsteinsson,
garðyrkjustjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Hugleiðingar um Kárahnjúkjamálin

Mikil umræða hefur verið um framkvæmdir í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og ekki síst um starfskjör erlendra starfsmanna. Í upphafi framkvæmda voru mikil vanefni á því að erlendir starfsmenn nytu lágmarkskjara samkvæmt Virkjunarsamningi. Í byrjun okt. s.l. gerðu landssamböndin samkomulag við Impregilo um fyrirkomulag launagreiðslna og aðgang yfirtrúnaðarmanns að upplýsingum um starfskjör og launagreiðslur. Svo virðist sem samkomulagið hafi leitt til þess að nú ríkir meiri friður um framkvæmdina og margt bendir til að staðið sé við kjarasamninga. Samkomulagið sem gert var snerist fyrst og fremst um að tryggja lágmarkskjör en ekki viðbótarkjör til samræmis við það sem þekkt hefur í sambærilegum framkvæmdum á Þjórsársvæðinu. Launakjör starfsmanna Impregilo við Kárahnjúka eru töluvert undir þeim launum sem greidd voru við Sultartanga og Vatnsfell, t.d. hjá iðnaðarmönnum munar allverulega sem hefur gert það að verkum að mjög fáir íslenskir iðnaðarmenn eru komnir til starfa. Búið er að reisa um 1000 manna þorp án þátttöku íslenskra iðnaðarmanna sem nokkru nemur. Það er einnig rétt að vekja athygli á því að engir erlendir bygginga- og málmíðnaðarmenn hafa fengið starfsréttindi sín viðurkennd.

Það er ljóst að þannig getur þetta ekki gengið og tryggja verður að farið sé eftir íslenskum leikreglum bæði hvað varðar viðurkenningu á starfsréttindum og að greidd séu laun samkvæmt venjum og hefðum sem eru á íslenskum vinnumarkaði en ekki samkvæmt þeim portúgalska.

Framundan er að endurnýja kjarasamninga og þá hljóta þessi mál að verða efst á listanum yfir þau mál sem taka verður á. Félagsleg undirboð eins og eru í gangi hjá Impregilo munu hafa víðtæk áhrif á vinnumarkaðinn og leiða til versnandi afkomu starfsmanna, ekki eingöngu við Kárahnjúka heldur einnig annarsstaðar. Ef eitt fyrirtæki kemst upp með það að lækka verulega kostnaðinn með því að lækka launin munu önnur fyrirtæki koma í kjölfarið. Þetta mun leiða til þess að keðjuverkun fer í gang sem allir munu tapa á þegar fram í sækir, verktakar, launamenn og ekki síst íslenska ríkið í formi minni skatttekna.

Það sem er mikilvægast að grípa til er að tryggja að launataxtar endurspegli þau laun sem greiða á. Í komandi samningum verður því að uppfæra launataxta þannig að svigrúmið fyrir fyrirtækin til að færa launin niður með erlendu vinnuafla sé sem minnst.

Mikilvægt er að styrkja stöðu trúnaðarmanna og tryggja þeim greiðan aðgang að öllum upplýsingum um launakjör starfsmanna.

Það þarf einnig skoða með hvaða hætti verkalyðshreyfingin og stjórnvöld geta beitt sér þegar upp kemur grunur um félagsleg undirboð. Kemur til greina að hægt sé að stoppa vinnu án þess að hreyfingin verði hugsanlega bótaskyld ef fyrirtæki getur ekki með óyggjandi hætti sýnt fram á að launakjörin séu samkvæmt íslenskum vinnumarkaði?

Það er margt fleira sem þarf að skoða, t.d. mun EES stækka 1. maí á næsta ári og þá bætast 10 þjóðir sem allar eiga það sameiginlegt að lífskjörin eru mun lakari en þekkt í Norður Evrópu. Alþýða þessara landa býr við mikla fátækt, lág laun og víða er mikið atvinnuleysi. Þetta fólk hefur drauma um betra líf og ekki síst að geta menntað börnin sín til skapa þeim möguleika á að brjótask út úr fátæktinni. Tækifæri þessa fólks liggja ekki síst í því að geta sótt atvinnu til annarra landa þar sem launin eru betri og atvinnu að hafa. Það er ekki erfitt að skilja þetta fólk og við myndum vafalaust gera það sama og höfum gert á stundum. Íslendingar fóru í stórum hópum til Svíþjóðar á árunum 1967–1968 þegar hér var mikið atvinnuleysi. Íslensk verkalyðshreyfing leggst heldur ekki gegn því að til landsins komi erlent vinnuafl en gerir þá kröfu að það komi til starfa á íslenskum forsendum. Það er sannfæring okkar að hægt sé að tryggja að þátttaka erlendra starfsmanna leiði ekki til félagslegra undirboða en þá verða bæði stjórnvöld og samtök vinnurekenda að vera tilbúin að koma til liðs við okkar.

Verkalýðshreyfingin vill koma á þríliða samstarfi milli atvinnurekenda, stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar til að tryggja eðlilegan framgang þessara mála. Sé ekki vilji til þess mun hreyfingin berjast gegn innflutningi á vinnuafla og gera kröfur til stjórnvalda um að öllum ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir það.

Þorbjörn Guðmundsson,
framkvæmdastjóri Samiðnar

**Stöndum vörð um
réttindi okkar!**



Þjónustuskrifstofa Iðnfélaga

FIT er nú með skrifstofu á 6. hæð í Borgartúni 30 en á sömu hæð eru Samiðn, Trésmiðafélag Reykjavíkur og Verðskrá húsasmiða með skrifstofur. Saman reka þessi félög Þjónustuskrifstofu iðnfélaga. Hlutverk Þjónustuskrifstofunnar er að annast umsýslu fyrir aðildarfélög skrifstofunnar og svara erindum sem berast frá félagsmönnum þeirra t.d. vegna orlofshúsa. Starfsmenn Þjónustuskrifstofunnar eru Pálmi Finnbogason, Helga B. Steingrímsdóttir, Guðný M. Magnúsdóttir og Anna M. Hákonardóttir. Starfsmenn FIT eru Hilmar Harðarson og Camilla Ragnars. Skrifstofan í Borgartúni er opin frá 9 til 17 (8 til 16 á sumrin) og síminn er 535 6000.

FIT er einnig aðili að þjónustuskrifstofu á Selfossi ásamt Verkalýðsfélaginu Bárunni, Verslunarmannafélagi Suðurlands, Fræðsluneti Suðurlands og Vinnumiðlun Suðurlands. Starfsmaður þjónustuskrifstofunnar heitir Þórunn Þórhallsdóttir og starfsmaður FIT á Selfossi er Hildur Bjargmundsdóttir. Skrifstofan á Selfossi er opin frá kl. 8-12 og síminn þar er 480 5000.

Sunnudaginn 23. nóvember var opið hús hjá iðnfélögunum og komu á fjórða hundrað manns að kynna sér aðstöðuna glæsilegu að Borgartúni 30. Við þökkum öllum þeim sem lögðu leið sína til okkar.

Jóla Jóla...

Sú hefð hefur skapast meðal stéttarfélaganna í Borgartúni 30 (áður Suðurlandsbraut) að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á ýmislegt sem tengist jólaundirbúningnum á aðventunni.

Jólafondur

Kennt verður hvernig jólaskreyting er gerð undir leiðsögn blómaskreytis. Gerð verður kertaskreyting og sérstök skreyting fyrir börnin.

Verð fyrir fullorðna er kr. 1.000 og börn kr. 500. Námskeiðið verður haldið miðvikudaginn 10. desember í sal félaganna að Borgartúni 30, 6. hæð og hefst kl. 18.

Skráning er í síma 535 6000 eða í netfangið palmi@samidn.is.

Jólatrésferð

Farið verður með rútum sunnudaginn 14. desember kl. 10 frá Borgartúni 30 og ekið sem leið liggur í Brynjudalinn og gefst þar fólki kostur á að höggva sér jólatré að eigin vali.

Ferðin er fólki að kostnaðarlausu en verðið á jólatré er kr. 4.000.

Skráning í ferðina er í síma 535 6000 eða í netfangið palmi@samidn.is.

Jólaball

Jólaball iðnfélaganna verður með hefðbundnum hætti nema hvað þetta árið verður ballið haldið í AKOGES-salnum Sóltúni 3 mánudaginn 29. desember kl. 16.

Verð fyrir fullorðna er kr. 1.000 og frítt fyrir börnin.

Út í bláinn byrjar í janúar og er alltaf síðustu helgi í hverjum mánuði fram að vori.

*Óskum félagsmönnum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

Stjórnin

